

Húftrygging vinnuvéla bætir tjón á váttryggðri vinnuvél vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggður er skráður eigandi.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi nema um annað sé samið.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggðu vinnuvél sem verður vegna skyndilegra og óvæntra, utanaðkomandi atvika með þeim undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálum þessum.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki:

- Vélarbilun, þ.e. neins konar vélfræðilegar eða rafmagnsfræðilegar bilanir og tjón sem stafa t.d. af: galla í efni, hönnunargalla, smíðagalla, mistökum við uppsetningu, titringi, vanstillingu, rangri staðsetningu, losun vélarhluta, óeðlilegum spennum, brotum af völdum málmþreytu, miðflóttakrafti, varmaleiðni, smurningstregðu, yfirspennu af hvaða orsökum sem er, einangrunargalla, skammhlaupi, rafleiðslum sem einangrunin hefur farið af, neistamyndun eða öðrum innbyggðum göllum og bilunum. Skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman óháð því hver tjónsorsök er.
- Tjón sem aðeins eru tengd smur- og kælimiðlum.
- Tjón sem aðeins snerta gler, postulín, drifreimar, tóg, bönd, slöngur, kapla, víra eða aðra slíka hluti sem verður að skipta um reglulega við eðlilega notkun.
- Tjón sem unnið er af yfirlögðu ráði eða verður vegna grófrar vanrækslu váttryggðs eða starfsmanna sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum.
- Tjón sem stafar af ónógu viðhaldi eða umsjón að svo miklu leyti sem váttryggður eða starfsmenn sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum verða sakaðir um það.
- Tjón sem stafar af því að yfirálag er sett á hina váttryggðu vinnuvél eða hún er ekki notuð til þess sem henni er ætlað eða bygging hennar leyfir, að svo miklu leyti sem váttryggður eða starfsmenn sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum verða sakaðir um það.
- Tjón sem stafar af göllum eða skorti sem var fyrir hendi þegar váttryggingin var keypt og váttryggingartaka eða starfsmönnum hans sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum var eða hefði mátt vera kunnugt um.
- Tjón sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum. Ef slíki ábyrgð er hafnað og tjónið er að öðru leyti bótaskyldt samkvæmt skilmálum þessarar váttryggingar, greiðir félagið bætur en á eftir það rétt á hverjum þeim bótum sem síðar kunna að fást frá seljanda, viðgerðaraðila eða flutningsaðila.
- Flutning á sjó, nema sérstaklega hafi verið um það samið.
- Tjón sem aðeins verður á gúmmíhringjum eða beltum.
- Slit sem leiðir af eðlilegri notkun, ryðbruna eða tæringu.
- Dædir og rispur, hæga eyðingu málaðra eða lakkaðra flata og rispur eða flögnun þeirra.
- Tjón er verður í útleigu eða útláni nema um slíkt hafi verið samið sérstaklega.
- Lækkun á markaðsverði hinnar váttryggðu vinnuvélar, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

4. gr. Varúðarreglur

Váttryggðum ber að gæta þess að:

- Váttryggður og starfsmenn sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum haldi hinni váttryggðu vinnuvél og tilheyrandi búnaði í góðu rekstrarástandi og bæti eða láti bæta án tafar úr þeim göllum eða skorti sem þeim kann að verða kunnugt um, þ.m.t. þær viðgerðir og breytingar sem félagið telur nauðsynlegar.
- Hin váttryggða vinnuvél og tilheyrandi hlutir sem háðir eru opinberu eftirliti, uppfylli þær reglur sem vinnuvélar gilda.
- Umhirðu vinnuvélarinnar sjái aðeins menn, sem hafi næga þekkingu til hirðu og gæslu hennar, enda hafi þeim verið kynnt fyrirmæli og leiðbeiningar vélarframleiðandans og opinberra eftirlitsaðila.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.